



Mennta- og lýðheilsusvið
Hafnarfjarðar

Frístund veturinn 2020 - 2021

SKRÁNING HEFST 7. MAÍ

Hvar skrái ég barnið mitt?

Skráning fer fram rafrænt í gegnum „Mínar síður“ á www.hafnarfjordur.is undir umsóknir, frístundaheimili.

Þær umsóknir sem berast fyrir 15. júní eru í forgang þegar tekið er inn.

Umsóknir sem berast eftir þann tíma geta farið á biðlista og eru ekki afgreiddar fyrr en í ágúst.

Hvernig veit ég að barnið mitt fékk pláss?

Þegar barni er boðin vistun í frístundarheimili þá fær foreldri boð um vistun á netfang sem var gefið upp, þeim pósti þarf að svara og samþykkja innan þriggja daga frá því pósturinn berst. Ef sá póstur er ekki samþykktur þá er vistun ekki orðin virk. Ef fresturinn rann út þarf að hafa samband við viðkomandi frístundarheimili og fá aðstoð.

Mikilvægar upplýsingar!

Í umsóknarferli er mikilvægt að allar upplýsingar séu réttar og sérþarfir skráðar. Gott er að athuga hvort allar upplýsingar um tengiliði séu réttar og stundum þarf að bæta við tengilið ef barn býr á tveim heimilum.

Foreldrar geta valið um fjölda daga sem þeir kaupa fyrir barnið. Siðdeghressing er innifalin í gjaldinu. Gjaldskrá er aðgengileg á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar, greitt er fyrir daginn en ekki tímagjald óháð því hvort barn sé í frístund til 16.00 eða 17.00

Vekjum einnig athygli á því að það komi fram ef barn þarf á stuðningi að halda.

Um frístundaheimili

Frístundaheimili eru fyrir börn í 1.-4. bekk og starfa við alla grunnskóla í Hafnarfirði. Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur fyrir nemendur. Starfið byggist á vali, hópastarfi, smíðjum og útiveru. Einnig er boðið upp á síðdegishressingu á miðjum degi. Frístundabíllinn er í boði fyrir börn í 1.-4. bekk og fer á æfingar hjá þeim félögum sem hafa gert samning við um frístundaakstur. Það er alltaf starfsmaður í frístundabílnum sem passar að börnin fari út að réttum stað og öryggi í bílnum. Foreldrar þurfa að skrá börnin sín sérstaklega í bílinn í genum skráningarkefið Vala frístund. Markmið frístundaheimila er að hvert barn fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.



Aðstoð og upplýsingar

Þúfir þú á aðstoð að halda við innskráningu eða notkun á „Mínar síður“ hafðu samband við þjónustuver bæjarins í síma 585 5500 eða notaðu netspjallið á hafnarfjordur.is Það skal tekið fram að ef ekki hefur tekist að fullmanna allar stöður á frístundaheimilum þegar starfsemin hefst að hausti er hugsanlegt að einhverjar tafir geti orðið á því að barn geti hafið dvöl í frístundaheimilinu. Við minnum á að börn sem eru að hefja skólagöngu hafa forgang um vistun í frístundaheimilum ef sótt er um fyrir 15. júní. Börn sem þurfa stuðning í frístundaheimilinu fá vistun um leið og búið er að ráða inn stuðningsfulltrúa fyrir viðkomandi barn. Til að fá frekar upplýsingar um starfsemi frístundaheimila er hægt að skoða starfskrá tómstundamiðstöðva inná vef Hafnarfjarðabæjar.

Skráning í sumarfrístund hefst 13. maí

Boðið er upp á fjölbreytt og uppbyggileg leikjanámskeið fyrir útskriftarhópa leikskólanna í öllum frístundaheimilum. Námskeiðið eru haldin frá 6. til 24. ágúst eða frá því að sumarlokun leikskólanna lýkur og þar til starf grunnskólanna hefst með formlegum hætti.

Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar



Uppsagnir og breytingar

Uppsögn fyrir vorönn verður að tilkynna til viðkomandi deildastjóra frístundaheimilis fyrir 15. desember annars framlengist umsókn sjálfkrafa til og með júní. Ef foreldrar vilja gera breyting á skráningunni fyrir haustönn þá er hægt að gera það frá 1. september til 15. september og tekur breytingin gildi þann 1. október. Fyrir breytingu á vorönn þá er hægt að gera það frá 1. janúar til 15. janúar og tekur breytingin gildi 1. febrúar. Nánari upplýsingar er að finna á <http://www.hafnarfjordur.is/ibuar/skolar-og-born/fristundaheimili/>